

## Fundargerð skólaráðs Akurskóla

Fundur haldinn í Akurskóla Tjarnarbraut 1. október 2020 klukkan 16:00-17:00

Mættir: Sigurbjörg Róbertsdóttir skólastjóri, Þormóður Logi Björnsson aðstoðarskólastjóri, Elín Njálsdóttir og Silja Konráðsdóttir fulltrúar kennara. Ósk Benediksdóttir fulltrúi starfsfólks. Borghildur Þórðardóttir fulltrúi foreldra. Daði Þorkelsson fulltrúi grenndarsamfélagsins. Þórhildur Betsý Ásta Árnadóttir og Hermann Borgar Jakobsson fulltrúar nemenda. Kristín Þóra Möller fulltrúi foreldra boðaði forföll.

### Dagskrá:

1. Kynning fulltrúa.
2. Starfsáætlun skólans
3. Upphaf skólaársins
4. Önnur mál.

Skólastjóri setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

### **1.mál Kynning fulltrúa.**

Allir fundarmenn kynntu sig.

### **2.mál Farið yfir starfsáætlun Akurskóla**

Skólaráð Akurskóla hefur farið yfir starfsáætlun, nokkrar ábendingar bárust og voru samþykktar. Starfsáætlun samþykkt og undirrituð yfirlýsing þess efnis.

### **3.mál Upphaf skólaársins**

Skólastjóri fór yfir hvernig skólaárið hefur farið af stað, ráðstafanir vegna covid og starfsmannamál.

### **4.mál Önnur mál.**

a) Betsý sagði frá tilraunaverkefni hjá nemendaráði sem er að bjóða upp á morgunmat ókeypis á morgnanna. Þau fá hrós frá skólaráði vegna þessa.

b) Daði spurði út í hvernig hafi gengið að breyta skólabyrjun og lengd kennslustunda. Fulltrúar nemenda eru ánægðir með að byrja seinna í skólanum. Þeim finnst sumir tímar betri 60 mínútur en aðrir ekki ganga eins vel.

c) Rætt um starfsdaga og fyrirkomulag skiptra starfsdaga.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.16.25.

Fundargerð þessa ritaði  
Þormóður Logi Björnsson  
Aðstoðarskólastjóri Akurskóla